

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1552/2005

2008/EES/68/30

frá 7. september 2005

um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon 23. og 24. mars árið 2000 setti Evrópusambandið sér það markmið að verða samkeppnishæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í heimi sem hefði möguleika á sjálfbærum hagvexti með fleiri og betri atvinnutækifærum og meiri félagslegri samheldni.
- 2) Ráðningarhæfi, aðlögunarhæfni og hreyfanleiki borgara eru nauðsynleg fyrir Evrópusambandið svo að það hviki ekki frá skuldbindingu sinni um að verða samkeppnishæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í heimi.
- 3) Símenntun er lykilþáttur í því að byggja upp og efla hæft, þjálfað og sveigjanlegt vinnuafli.
- 4) Í niðurstöðum ráðsins frá 5. maí 2003 um viðmiðunargildi fyrir meðalárangur í menntun og starfsmenntun innan Evrópu (Viðmiðanir) ⁽²⁾ eru samþykktar eftirfarandi viðmiðanir fyrir símenntun: „Þess vegna skal meðalþátttaka í símenntun innan Evrópusambandsins árið 2010 vera orðin 12,5% hið minnsta af fullorðnum íbúum á vinnufærum aldri (aldursflokkur 25–64 ára)“.

- 5) Á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon var staðfest að símenntun væri grunnþáttur í evrópska velferðarkerfinu.
- 6) Með nýju evrópsku vinnumálaáætluninni, sem staðfest var með ákvörðun ráðsins 2003/578/EB frá 22. júlí 2003 um viðmiðunarreglur í stefnum aðildarríkjanna í atvinnumálum ⁽³⁾, er stefnt að því að stuðla betur að Lissabon-áætluninni og hrinda í framkvæmd heilsteyptri og samfelldri áætlun um símenntun.
- 7) Við beitingu þessarar reglugerðar skal taka til greina hugtakið um „einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum“ sem finna má í viðmiðunarreglum um stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum.
- 8) Einkum ber að huga að starfsmenntun á vinnustað og á vinnutíma þar eð báðir þessir þættir eru þýðingarmiklir í símenntun.
- 9) Samanburðarhæfar tölfræðilegar upplýsingar á vettvangi Bandalagsins, sérstaklega um starfsmenntun í fyrirtækjum, eru nauðsynlegar við gerð áætlana um símenntun og við eftirlit með því hvernig framkvæmd þeirra miðar.
- 10) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 11) Afhending ganga sem eru háð trúnaðarkvöðum ákvarðast af reglunum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 322/97 og í reglugerð ráðsins (KBE, ESB) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins ⁽⁵⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 33.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. júní 2005.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 134, 7.6.2003, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 197, 5.8.2003, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

- 12) Í reglugerð framkvæmdaráðsins (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni ⁽¹⁾ eru fastsett þau skilyrði fyrir aðgangi að trúnaðargögnum sem Bandalagsyfirvaldinu hafa verið afhent.
- 13) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum, sem gerir kleift að afla samhæfðra gagna um starfsmenntun í fyrirtækjum, hvert í sínu lagi og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 14) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾. Þessar ráðstafanir skulu taka mið af þeim kostum sem eru fyrir hendi innan aðildarríkjanna, að því er varðar gagnaöflun og úrvinnslu gagna.
- 15) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE, frá 19. júní 1989 um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Þessi reglugerð setur sameiginlegan ramma um hagskýrslugerð Bandalagsins um starfsmenntun í fyrirtækjum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fyrirtæki“: fyrirtæki eins og það er skilgreint í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðsluferfi Bandalagsins ⁽⁴⁾.
2. „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, endursk. 1.1“: sameiginleg atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins ⁽⁵⁾

3. gr.

Gögn sem afla skal

1. Aðildarríkin skulu afla gagna með tilliti til gerðar hagskýrslna Bandalagsins vegna greiningar á starfsmiðaðri símenntun í fyrirtækjum á eftirfarandi sviðum:
 - a) starfsmenntunarstefna og -áætlanir fyrirtækja til þess að auka færni vinnuafis,
 - b) stjórnun, skipulagning og tegundir starfsmiðaðrar símenntunar í fyrirtækjum,
 - c) hlutverk aðila vinnumarkaðarins við að tryggja öll svið starfsmiðaðrar símenntunar í fyrirtækjum.
 - d) aðgangur að starfsmiðaðri símenntun í fyrirtækjum, umfang hennar og inntak, einkum hvað snertir atvinnustarfsemi og stærð fyrirtækis,
 - e) sérstakar ráðstafanir í starfsmiðaðri símenntun fyrirtækja til að efla upplýsinga- og samskiptatækni hjá vinnuafli,
 - f) tækifæri starfsmanna lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SME) til að stunda starfsmiðaða símenntun og til að afla sér nýrrar starfsþekkingar og sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna ákvæða um starfsmenntun
 - g) áhrif opinberra ráðstafana á starfsmiðaða símenntun í fyrirtækjum,
 - h) jöfn tækifæri allra starfsmanna til að stunda starfsmiðaða símenntun í fyrirtækjum, einkum með tilliti til kyns og sérstakra aldursþópa
 - i) sérstakar ráðstafanir í starfsmiðaðri símenntun fyrir einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

j) ráðstafanir í starfsmiðaðri símenntun lagaðar að mismunandi tegundum ráðningarsamninga,

k) útgjöld til starfsmiðaðrar símenntunar: fjármagn og fjármögnunarleiðir, hvatar að starfsmiðaðri símenntun og

l) aðferðir fyrirtækja við mat á og eftirlit með starfsmiðaðri símenntun.

2. Aðildarríkin skulu afla sérstakra gagna, að því er varðar grunnstarfsmenntun í fyrirtækjum, um:

a) þátttakendur í grunnstarfsmenntun og

b) heldarútgjöld til grunnstarfsmenntunar.

4. gr.

Gildissvið hagskýrslna

Hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum skulu a.m.k. taka til allrar atvinnustarfsemi sem tilgreind er í bálkum C til K og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), endursk. 1.1.

5. gr.

Hagskýrslueiningar

1. Við öflun gagna skal fyrirtæki, sem er með virka atvinnustarfsemi, sem um getur í 4. gr., og hefur 10 eða fleiri starfsmenn, notað sem hagskýrslueining.

2. Aðildarríkin geta, með hliðsjón af sérstakri dreifingu fyrirtækja á landsvísu eftir stærð og þróuninni í stefnumiðuðum þörfum, rýmkað skilgreininguna á hagskýrslueiningu í eigin landi. Framkvæmdastjórninni getur einnig ákveðið að rýmka þessa skilgreiningu í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., ef slík rýmkun stuðlar að því að auka trúverðuleika og gæði könnunarniðurstaðnanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

6. gr.

Heimildir við gagnaöflun

1. Aðildarríkin skulu afla gagnanna, sem krafist er, annaðhvort með könnun í fyrirtækjum eða með því að sameina könnun í fyrirtækjum og aðrar heimildir og beita meginreglunum um að draga úr fyrirhöfn svarenda og um einföldun stjórnsýslu.

2. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um svör fyrirtækjanna í könnuninni.

3. Í könnuninni skulu fyrirtækin veita réttar og fullnægjandi upplýsingar innan tilskilins frests.

4. Nota má aðrar heimildir, þ.m.t. stjórnsýslugögn, til viðbótar þeim gögnum sem afla skal ef þessar heimildir uppfylla kröfur um tímanleika og mikilvægi.

7. gr.

Könnunaratríði

1. Könnunin skal vera úrtakskönnun.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innsend gögn þeirra endurspegli þýðissamsetningu hagskýrslueininga. Könnunin skal fara þannig fram að unnt sé að sundurliða niðurstöður á vettvangi Bandalagsins í a.m.k. eftirfarandi flokka:

a) atvinnustarfsemi samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), endursk. 1.1, og

b) stærð fyrirtækja.

3. Kröfur um úrtaksgerð og nákvæmni, stærð úrtaks, sem þarf til að uppfylla þær kröfur, og nákvæmar forskriftir fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), endursk. 1.1, og stærðarflokkar, sem niðurstöðum er skipt í, skulu vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

8. gr.

Könnunaraðferð

1. Til að minnka fyrirhöfn svarenda skal könnunaraðferðin gera kleift að sníða gagnaöflunina:

a) að fyrirtækjum sem veita starfsmenntun og þeim sem ekki veita starfsmenntun og

b) að mismunandi tegundum starfsmenntunar.

2. Ákvörðun um hvaða tilteknu gagna skuli afla, með tilliti til fyrirtækja sem veita starfsmenntun og þeirra sem ekki veita starfsmenntun og mismunandi tegunda starfsmenntunar, skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

9. gr.

Gæðaeftirlit og -skýrslur

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði gagna sem þau afhenda.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Eurostat) gæðaskýrslu með öllum upplýsingum og tilskildum gögnum til staðfestingar á gæðum gagnanna, sem afhent hafa verið, eigi síðar en 21 mánuði frá lokum hvers viðmiðunartímabils sem um getur í 10. gr. Í skýrslunni skal tilgreina hugsanlega brestir í aðferðafræðilegum kröfum.

3. Framkvæmdastjórnin (Eurostat) skal, á grundvelli skýrslunnar sem vísað er til í 2. mgr., meta gæði gagna sem afhent eru, einkum með tilliti til þess að tryggja samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjanna.

12. gr.

4. Gæðakröfur þeirra ganga sem á að afla og afhenda vegna hagskýrslugerðar Bandalagsins um starfsmenntun í fyrirtækjum, snið gæðaskýrslanna, sem vísað er til í 2. mgr., og allar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til að meta eða auka gæði gagnanna, skulu ákvarðast í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

10. gr.

Viðmiðunartímabil og tíðni

1. Viðmiðunartímabilið sem gagnaöflunin tekur til skal vera eitt almanaksár.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða fyrsta viðmiðunarárið fyrir gögnin sem afla skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

3. Aðildarríkin skulu afla gagna fimmta hvert ár.

11. gr.

Afhending gagna

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, stuðla að aukinni notkun rafrænnar gagnaöflunar, rafræns gagnaflutnings og meiri sjálfvirkni í gagnavinnslu.

2. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Eurostat) gögn einstakra fyrirtækja í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum um hagskýrslur eins og fram kemur í reglugerð (EB) nr. 322/97 og (KBE, EBE) nr. 1588/90. Aðildarríkin skulu tryggja að gögnin sem afhent eru heimili ekki beina auðkenningu viðkomandi hagskýrslueininga.

3. Aðildarríkin skulu afhenda gögnin á rafrænu formi í samræmi við viðeigandi tæknilegt snið og staðal um gagnaskipti sem ákveðið er í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

4. Aðildarríkin skulu afhenda rétt og fullnægjandi gögn eigi síðar en 18 mánuðum frá lokum hvers viðmiðunarárs.

Skýrsla um framkvæmd

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 20. október 2010 og að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd þessarar reglugerðar. Skýrslan skal m.a. fela í sér:

- mat á þeim ávinningi sem Bandalagið, aðildarríkin og notendur hafa hagskýrslum sem gerðar eru, miðað við fyrirhöfn svarenda, og
- áþendingar um svið þar sem umbóta og breytinga, sem teljast nauðsynlegar í ljósi fenginna niðurstaðna, kann að vera þörf.

2. Í kjölfar skýrslunnar er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja til að gerðar verði ráðstafanir til að bæta framkvæmd þessarar reglugerðar.

13. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Mæla skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð, þ.m.t. ráðstafanir þar sem tillit er tekið til efnahagslegrar og tæknilegrar þróunar er varðar öflun, afhendingu og úrvinnslu gagna í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

14. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

15. gr.

Fjármögnun

1. Að því er varðar fyrsta viðmiðunarár hagskýrslna Bandalagsins, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin veita aðildarríkjunum fjárstuðning til að standa straum af þeim kostnaði sem þau stofna til við öflun, úrvinnslu og afhendingu gagna.

2. Ákveða ber fjárstuðning sem lið í viðkomandi árlegri fjárlagagerð. Fjárveitingarvaldið skal ákveða fjárveitingu fyrir hvert ár.

3. Framkvæmdastjórnin getur, við framkvæmd þessarar reglugerðar, leitað til sérfræðinga og nýtt sér tækniástoð sem unnt er að fjármagna innan heildarfjárhagsramma þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin getur skipulagt námskeið, málstofur eða aðra fundi sérfræðinga sem geta orðið til þess að

auðvelda framkvæmd reglugerðarinnar og hrint af stað viðeigandi aðgerðum á sviði upplýsinga-, útgáfu- og dreifingarmála.

16. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. CLARKE

forseti.
